



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Fréttatilkynning

29. september 2023

Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

Fjórði ársfjórðungur 2023

- Á fjórða ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf fyrir **24 ma.kr.** að söluvirði¹.
- Nýr óverðtryggður flokkur ríkisbréfa með gjalddaga árið 2035 verður gefinn út á ársfjórðungnum og verður stefnt á viðskiptavakt með flokkinn.
- Aðrir flokkar sem mögulega verða boðnir út eru allir markflokkar ríkisbréfa og munu markaðsaðstæður ráða því hvort og þá hversu mikið verður selt í hverjum flokki.
- Möguleiki er á skiptiútboðum eða uppkaupum á RIKB 24 0415 á fjórðungnum.

Útgáfa á árinu

Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2023 var tilkynnt að útgáfa ríkisbréfa yrði 140 ma.kr. að söluvirði á árinu. Útgáfa á fyrstu níu mánuðum ársins nam um 116 ma.kr. að söluvirði og vantar því 24 ma.kr. upp á að markmiðum í lánamálum fyrir yfirstandandi ár verði náð.

Fyrirhugað útgáfa ríkisbréfa

Útgáfa ríkisbréfa á fjórða ársfjórðungi er áætluð **24 ma.kr.** Líkt og í síðustu ársfjórðungsáætlunum verður áætluð hámarksútgáfa í einstökum flokkum ekki birt enda er mikilvægt að ríkissjóður hafi svigrúm til að ákvarða útgáfu á milli flokka eftir markaðsaðstæðum hverju sinni. Fyrirhugað er að gefa út nýjan óverðtryggðan flokk með gjalddaga 2035. Lánaskilmálar flokksins verða tilkynntir síðar.

Skriptiútboð – Uppkaup

Möguleiki er á skriptiútboðum eða uppkaupum á RIKB 24 0415 á fjórðungnum. Ávöxtunarkjör, þátttaka og aðstæður á markaði munu ráða því hvort og þá hvaða markflokkar verða boðnir út í skriptiútboðum fyrir RIKB 24 0415 og hversu mikið verður selt með þeim hætti. Útgáfa í tengslum við skriptiútboðin mun bætast við fyrirhugað útgáfumagn ársins þar sem hún dregur úr útgáfuþörfinni á næsta ári.

¹ Með söluvirði er átt við hreint verð (clean price) með áföllnum verðbótum á höfuðstól, þ.e. verð með verðbótum en án áfallinna vaxta.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Fyrirhuguð útgáfa ríkisvixla

Sveigjanleiki í víxlaútgáfu er mikilvægur og til greina kemur að bæta við útboðum á ríkisvixlum umfram það sem fram kemur í útgáfudagatali Lánamála.

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvixla verða birtar tveimur virkum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður Lánamála ríkisins í síma 569 9600.